



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



# Blásalir

## Starfsáætlun 2024 – 2025



### Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



## Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans .....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra .....	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024 .....	4
3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025.....	7
4 Innra mat deilda .....	9
5 Innra mat sérkennslu.....	21
6 Innra mat – fjöltyngd börn .....	22
7 Starfspróunarsamtöl og fræðsla.....	25
8 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	25
9 Foreldrasamvinna.....	25
10 Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	26
11 Fylgiskjöl.....	27





## Leiðarljós leikskólans Virðing – gleði – hreysti - sköpun

### 1 Greinargerð leikskólastjóra

Haustið fór af stað með hefðbundnum hætti, nýtt starfsfólk ráðið til starfa og ný börn tekin inn í leikskólann.

Í ágúst tók leikskólinn á móti Nord plus gestum frá Litháen og Eistlandi, farið var m.a. í Grasagarðinn í útinám og í Gufunes á útinámskeið. Unnið var áfram með Nord plus verkefnið þennan vetur. Tveir starfsmenn fóru frá leikskólanum til Litháen í maí að heimsækja skóla þar og verkefninu lauk eftir þá ferð.

Hreinsunardagur var í september þar sem að foreldrar komu í heimsókn og hjálpuðust foreldrar, börn og starfsfólk við að hreinsa rusl úr garðinum okkar .

Unnið var með Heilbrigði og vellíðan frá áramótum sem lið í Menntastefnu Reykjavíkurborgar samþætt Nord plus verkefninu. Áhersla var á hreyfingu, útinám, útiveru og hollt matarræði í þetta skiptið.

Á degi íslenskrar tungu í nóvember var haldið ömmu og afa kaffi. Mæting var góð og mikil gleði yfir heimsókn þeirra.

Fléttað var saman Nord plus verkefninu og opnu húsi þar sem að foreldrar komu og gróðursettu græðlinga með sínu barni. Verkefnið var að skreyta blómapott og gróðursetja í hann og að því loknu tóku þau blómið með sér heim. Mjög góð mæting var á opið hús og mikil ánægja.

Gullkista leikskólans er grendarsvæði sem leikskólinn hefur aðgang að og er nýtt í útinám fyrir börnin. Leikskólinn nýtti fjármagn fyrir Nord Plus og menntastefnuverkefnið til þess að bæta aðgengi barna að svæðinu og gera það meira aðgengilegt fyrir.

Margrét Elíasdóttir lét af störfum sem leikskólastjóri í lok mars og tók ég við sem nýr leikskólastjóri 1. Apríl sl. Margrét Elíasdóttir fráfarandi leikskólastjóri stýrði skólanum frá opnun hans árið 2000 við góðan orðstýr.

Hólfríður Hannesdóttir leikskólastjóri





## 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

### Innra mat

Hvað var metið?	
Hvernig fór matið fram?	Matið fór fram á deildarfundum. Deildarstjórafundum, starfsdögum og viðhorfskönnunum
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	starfsmenn, foreldrar
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	<p><u>Aðlögun</u> –foreldrar nýrra barna svöruðu könnuninni. Styrkleikar.</p> <p><i>Mjög góð svörun var í könnuninni og 98% ánægja foreldra með alla þætti sem spurt var um.</i></p> <p><b>Október 2023</b></p> <p><u>Leikur nám- lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna</u></p> <p><u>Samverustundir</u>- deildarfundir</p> <p><i>Hver deild endurmat hjá sér á samverustundir og gerði áætlun til úrbóta og ræddur var tilgangur og mikilvægi samverustunda í leikskóalstarfinu. Þær eru ólíkar eftir aldri barnanna.</i></p> <p><u>Aðlögun milli deilda-deildarfundir</u></p> <p>Styrkleikar:</p> <p><i>Gekk mjög vel , passað upp á að gefa foreldrum góðar upplýsingar.</i></p> <p><i>Það sem betur má fara:</i></p> <p><i>Vantaði upp á upplýsingaflæði í einu tilviki vegna veikinda barns.</i></p> <p><b>Nóvember 2023</b></p> <p><u>Uppeldis og menntastarf - Uppeldi menntun og starfshættir</u></p> <p>Endurmat gert á starfsdegi</p>





Dagur íslenskra tungu- styrkleikar : dagurinn gekk vel, það sem betur mátti fara :söngur í sal skipuleggja betur, hver deild. þarf að sjá um sín börn og æfa fleiri lög.

#### Uppeldis og menntastarf

##### Menntastefna

Endurmat gert á starfsdegi:

Heilbrigði og vellíðan: Hver deild endurmat þá þætti sem var áveðið að gera umbætur á samkvæmt niðurstöðu í gátlista mennastefnu sem var tekin á starfsdegi haust 2023.

##### Sjálfhjálp í matartíma:

Styrkleikar:

*Breytingar hafa orðið á matartíma á elstu deild, þar sem þau borða nú öll í sal og taka mat af hlaðborði, meiri sjálfhjálp og val barna. Börnin borða meira grænmeti eftir að meiri áhersla var lögð á að þau skammti sér sjálf.*

*Tækifæri til úrbóta: Stefnt er að því að næst elsta deild borði einnig í sal.*

##### Aðgengi barna að vatni:

Styrkleikar:

*Unnið hefur verið að því að öll börn hafi vatnsbrúsa og gott aðgengi að honum.*

Unnið er að skapa verkefni um heilbrigði: t.d. vellíðan, margbreytileika, svefn og hollan mat: *Unnið hefur verið með hvíld barna að öll börn fái næði og hvíld á hverjum degi. Fenginn var fyrirlestur á foreldrafund um mikilvægi svefns ungra barna.*





## Ytra mat

Hvað var matið?	
Hvernig fór matið fram?	
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	<p><b><u>Desember 2023</u></b></p> <p>Uppeldis og menntastarf</p> <p><u>Uppeldi menntun og starfshættir</u></p> <p>Mánuðurinn endurmetin. Andrúmsloftið var gott og rólegt allir fastir liðir gengu vel og samkvæmt áætlun.</p> <p><b><u>Febrúar 2024</u></b></p> <p><u>Viðmót og menning</u></p> <p>Send var út könnun til foreldra</p> <p><u>Leikskólabragur.</u> Tæpur helmingur foreldra svöruðu könnuninni 97% foreldra voru ánægðir í heildina.</p> <p>Send var út könnun til starfsmanna</p> <p><u>Líðan starfsfólks í vinnunni.</u> Tæpur helmingur starfsmanna svaraði könnunin því ekki var hún ekki marktæk. 30% leið sæmilega í vinnunni og 70% vel. Í öðrum svörum var 90%-100% ánægja.</p> <p><b><u>Mars 2024</u></b></p> <p><u>Leikskóli án aðgreiningar</u></p> <p>Endurmat á deildarfundum.</p> <p>Styrkleikar:</p> <p>Starfsfólk er meðvitað um hvaða börn eru með stuðning og jákvætt í þeirra garð. Hlúð er að einstaklingbörfum þeirra og þeim einnig leyft að tilheyra hópnum.</p> <p>Tækifæri til umbóta:</p> <p>Passa þarf upp á að kynna fyrir starfsfólki, hvað er verið að leggja áherslu á, á hverjum tíma.</p>





### 3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

Þeir þættir sem eru metnir yfir allan leikskólann í heild sinni eru aðrir en þeir þættir sem deildir leikskólans eru að meta.

Stjórnun- mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Námskrá,
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Frjáls leikurinn – breytingar á nýrri námskrá settar inn
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Á starfsdögum, deildarstjórafundum, deildarfundum.
Ábyrgð	Stjórnendur
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	1.sept 2024- 31.des 2024
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Fundir og samræður, rýnihópar.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að ný og endurbætt námská verði tilbúin í janúar 2025





Stjórnun- mannauður/leikskólabragur- innra mat	
<b>Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)</b>	Útinám
<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	Að nýta betur endurbætt grendarsvæði leikskólans til útináms. Nýta betur kennsluefni leikskólans til útináms.
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Á starfsdögum, deildarstjórafundum, deildarfundum.
<b>Ábyrgð</b>	Stjórnendur
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	1.september 2024-31.júní 2025
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Jafnóðum á deildarfundum og deildarstjórafundum.
<b>Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði</b>	Allar deildar fara reglulega með hópa á grendarsvæði og nota kennsluefni leikskólans.







## 4 Innra mat deilda

### Innra mat Guladeildar

Í haust byrjuðu vanir starfsmenn á deildinni sem gerði það að verkum að aðlögun gekk mjög vel. Sextán börn eru á deildinni og fjórir starfsmenn. Þegar leið á veturinn urðu breytingar á starfsmanna hópnum. Þrátt fyrir þessar breytingar tókst að halda jafnvægi á barna hópnum. Inn komu frábærir starfsmenn sem héldu góðu starfi áfram.

Það var frekar mikið álag eftir áramót vegna veikinda og gekk erfiðlega að manna deildina. Þar af leiðandi dattu deildafundur og undirbúningur niður oft en æskilegt var.

Blásalir tóku áfram þátt í Nord Plus verkefni með Litáen og Eistlandi. Í því verkefni er ræktun og náttúran í aðalhlutverki sem fléttast vel með útinám deildarinnar. Við erum með útinám allt skólaárið þar sem við kinnum börnin fyrir nærumhverfi leikskólans og náttúrunni. Við gefum fuglum á veturna og hefur myndast sú hefð að börnin gefa krumma matar afganga alla föstudaga yfir vetrar tímann.

Babblarnir er mál örvunar verkefni sem við vinnum með jafnt og þétt allt skólaárið. Þetta verkefni kennir börnum að greina á milli líkra málhljóða. Babblarnir eru skemmtilegar fígúrir og bækur sem ná vel til barnanna. Þeir koma með í útinám, í matartíma og fara í leiki með börnunum, þannig hjálpa þeir okkur að gera kennsluna skemmtilegri þegar við erum með innlagnir t.d. á hljóðum, orðum og hugtökum.

Flæði hefur verið alsráðandi inni á deild, þar sem áhugasvið barnanna er elt. Starfsmenn hafa verið duglegir að lesa í hópinn og bjóða upp á mismunandi verkefni. Reynslan sínir þó að gott er að skipta börnunum upp í smærri hópa með svipaðan aldur og vinna út frá því, þar sem það er nokkuð breitt aldursbil í barnahópnum.





## **Umbætur síðasta skólaár**

### **Marte Meó**

Ekki hefur verið unnið markvist eftir Marte meó aðferðafræðinni en er engu að síður orðin það rótgróin í hugsunar hætti starfsmanna sem þekkja til hennar.

### **Hreyfi stundir**

#### **Styrkleikar**

Við vorum dugleg í vetur að hafa markvissar örvandi hreyfi stundir þegar veður var ekki með þeim hætti að við kæmumst út að leika. Til að tryggja að börnin fengju fjölbreytta hreyfingu fórum við í sullukarið, Inn í sal þar sem boðið var upp á jafnvægisæfingar, klifur og fleira.

### **Tækifæri til umbóta**

Kynna strax næsta haust nýju starfsfólki fyrir verkefninu. Byrja strax í litlum hópum að leyfa börnunum að spreyta sig á fjölbreyttum verkefnum.

### **Listir**

#### **Styrkleikar**

Boðið var upp á föndur tvisvar til þrisvar í viku yfir vetrar tímamann og fengu börnin val um þátttöku. Þó voru börnin hvatt til að prófa. Við notuðum ýmiskonar áhöld í föndrið og aðferðir. Málað á bleyjunni er eitt af skemmtilegri verkefnum sem við höfum gert og er komið til að vera.

### **Tækifæri til umbóta**

Að leitast betur við hvað börnunum langar að gera meyra af.





Guladeild 1-2 ára	
<b>Umbótaþáttur/matsþáttur</b>	Hreyfi fimi
<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	Efla hreyfri fimi barnanna í grófhreyfingum og takast á við áskoranir.
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Reynt verður að fara vikulega með minni hópa í salinn með markvissa hreyfingu í huga og í sulum kárið í vatns leiki.
<b>Ábyrgð</b>	Deildastjóri
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	veturinn 2024-2025
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Deilda fundir verða nýttir til að meta mánaðarlega. Líðan barnanna í aðstæðum er helsti viðmiðunna þátturinn.
<b>Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði</b>	Markmið Hreyfi fimi er að efla hreyfi þroska barnanna og trú á eigin getu við ólíkar aðstæður.





Guladeild 1-2 ára	
<b>Umbótaþáttur/matsþáttur</b>	Útinám
<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	Stefnan er að fara með öll börn reglulega út fyrir garðinn og kinnna þau fyrir nærumhverfinu.
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Reynt verður að fara vikulega með alla hópa í stuttar ferðir sem miðast við getur barnanna.
<b>Ábyrgð</b>	Deildastjóri
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Haust 2024-2025
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Deilda fundir verða nýttir til að meta mánaðarlega. Líðan barnanna í ferðum er helsti viðmiðunna þátturinn.
<b>Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði</b>	Markmið ferðanna er að auka almennt hreysti og áhuga barnanna á nærumhverfi sínu og náttúru. Ásamt trú á eigin getur í ólíkum aðstæðum





## Innra mat Grænudeildar

Aðlögun stóð yfir frá 22. ágúst og fram í miðjan september. Fimm börn komu af gulu- og bláudeild og aðlögun gekk vel. Þar með voru börnin orðin 16, tíu strákar og sex stelpur. Eitt barn sem kom af guludeild hætti fljótlega. Haustið einkenndist af aðlögun barnanna sem stóð yfir fram að jólum og starfsmannahópurinn breyttist. Einn starfsmaður fór á bláudeild, einn kom nýr inn og fyrrverandi starfsmaður kom til baka úr fæðingarorlofi. Tvö ný börn komu í október, eitt í nóvember og eitt í desember og voru börnin þá 18 talsins.

### Deildarstarfið á skólaárinu

Haldið var áfram með tvískipta samverustund bæði á morgnana og í hádeginu auk þess að skipta börnunum í litla hópa í frjálsum leik. Haldið var áfram með vikulegar stafavísur úr „Lubbi finnur málbein – íslensku máhljóðin sýnd og sungin“ fyrir matmálstíma en það skipulag er ekki að henta deildinni og betra að vinna með Lubbavísurnar í tvískiptri samverustund. Haustið gekk vel framan af en frá seinni hluta október og langt fram á nýtt ár var mikið um veikindi á öllum deildum og viðvarandi mannekla. Í haust var haldið áfram með útinámshópana sem fóru í vettvangsferðir en eftir jólin náðum við ekki að fara reglulega á mán-, þri- og miðvikudögum vegna manneklu og veðurs. Í byrjun apríl var opið hús þar sem foreldrar gróðursettu afleggjara með börnunum. Viðburðurinn var hluti af Nordplus verkefni. Verkefnið *barn vikunnar* gekk mjög vel og náðu öll börnin að fara heim með Bussa og dagbókina fyrir lok apríl. Foreldrar tóku vel í verkefnið og gerðu skemmtilegar skráningar með barni og Bussa í helgarfríi. Tvö börn hættu á deildinni í lok mars og eitt kom af guludeild í byjun apríl. Aldursbilið á deildinni var orðið mjög breitt eftir áramótin og vinnan með börnunum því talsverð áskorun þar sem yngsta barnið er fætt í október 2020 en þau elstu í júlí 2019. Áherslan var áfram lögð á að vinna með elsta hópinn sér og gerðum við tilraun með að vinna með þrjá hópa (6 börn í hóp) en það reyndist ekki vel að vera með elstu börnin í samveru og hvíld í kjarna. Foreldraviðtöl fóru fram í mars og var áfram boðið upp á símaviðtal. Börnin á Grænudeild voru 17 í lok skólaársins.

### Umbótaþættir skólaárið 2022-2023

#### Læsi – sýnileiki ritaðs máls á deild

Ákveðið var að halda áfram með sýnileika ritaðs máls á deildinni. Til dæmis voru sett orð yfir árstíðir á vegg með árstíðartengdum verkefnum.

#### Styrkleikar:





Með því að setja ritað mál við myndir sem auðveldar bæði starfsmönnum og börnum að tengja orðin við myndir og stuðla þannig að málörvun.

### Málörvun – myndrænt skipulag

Dagskipulagið var áður myndrænt upp á vegg en nú er farið yfir skipulagið í samverustund og starfsfólk er með myndir á sér til þess að auðvelda ákveðnum börnunum að fylgjast með næstu verkefnum og að sjá hvað er fram undan í starfinu.

#### Styrkleikar:

Gott skipulag sem auðveldar samskipti barna og starfsfólks. Gekk vel og verður áfram sem umbótaþáttur ásamt því að taka aftur upp að „gefa 10“ þar sem haldið verður vel utan um skráningar þannig að öll börn fái „10“ og allir starfsmenn taki þátt.

### Skráningar – auka foreldrasamstarf

Vikuleg fréttabréf þar sem farið er yfir starfið í máli og myndum er sent til foreldra á föstudögum. Fréttabréfin eru unnin í SWAY þar sem auðvelt er að setja inn myndir, texta og upplýsingar til foreldra. Ferilmöppur eru til sýnis á „opnu húsi“ og haldið verður áfram með þetta skipulag þar sem foreldrar eru flestir mjög ánægðir með þetta skipulag.

#### Styrkleikar:

Með vikulegu fréttabréfi fá foreldrar tækifæri til að nýta sér myndir úr starfinu til málörvunar heima og læra nöfn á samnemendum barna sinna. Foreldrar fylgjast betur með starfinu og verða virkari í samskiptum.

Grænadeild 2-3 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Málörvun
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Lesi markvisst og reglulega
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Börn skiptast á að velja bækur
Ábyrgð	Deildastjóri Allir starfsmenn taka þátt
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haut 2024-2025





<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Hafa bókaorm sýnilegan á deild þar sem skráðar eru lesnar bækur. Börnin taka þátt í að setja spjaldið fyrir aftan hausinn á orminum og sjá hann lengjast.
<b>Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði</b>	Efla málþroska og orðaforða. Sjálfsefling

### Grænadeild 2-3 ára

<b>Umbótaþáttur/matsþáttur</b>	Málörvun
<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	Lesna markvisst og reglulega
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Börnin skiptast á að velja bækur
<b>Ábyrgð</b>	Deildastjóri Allir starfsmenn taka þátt
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Haust 2024-2025
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Hafa bókaorm sýnilegan á deild þar sem skráðar eru lesnar bækur. Börnin taka þátt í að setja spjaldið fyrir aftan hausinn á orminum og sjá hann lengjast.
<b>Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði</b>	Efla málþroska og orðaforða. Sjálfsefling





## Innra mat Rauðudeildar

Veturinn gekk vel, 23 börn eru á deildinni (18 byrjaði um haustið og bættust við 5 börn) á aldrinum 3-6 ára. Í haust voru þrír 100 % starfsmenn og fimm í hlutastarfi. Mikil veikindi voru á starfsmönnum deildarinnar. 13 börn á deildinni eru tvítýngd og þar af eru 4 börn með annað foreldri með annað móðurmál. Lögð var áhersla á málörvun og góð samskipti. Elstu börnin fóru í Heimahaga, Selásskóla og tóku þátt í Barnamenningarhátíð. Börnin tóku þátt í öllum viðburðum og skipulagi leikskólans.

Blásalir taka þátt í Nord Plus verkefni með Litáen og Eistlandi. Í því verkefni er ræktun og náttúran í aðalhlutverki sem fléttast vel með Grænfánanum og útinámi deildarinnar.

Umbótaþættir skólaárið 2023-2024

### Aðgengi barna til að skammti sér sjálf á diskana og ganga frá eftir mat

Vildum efla sjálfshjálp í matartíma.

#### Styrkleikar

Börnin hafa nú aðgang að vagni þar sem þau geta skammti sér sjálf á diskana og gengið frá eftir matmálstíma og sjá alfarið um að ganga frá sjálf. Gerður var matsalur í vor þar sem börnin komu að hlaðborði og skömmtuðu sér sjálf á diskana og völdu sér sæti og sessunaut í salnum. Með því var ýtt undir sjálfstæði og lýðræði í matartímanum.

#### Skráningar

Settum okkur það sem markmið að starfsmenn æfðu sig í að gera skráningar fyrir ferilmöppur, vildum dreifa verkefnum

#### Styrkleikar

Fleiri starfsmenn en deildarstjóri komu að skráningu sem gerir skráningar fjölbreyttari og gaman fyrir starfsmenn til að gera skráningar. Stefnum á áframhaldandi vinnu með skráningar

#### Marte Meo







Kynna verkefnið betur fyrir nýju starfsfólki strax í byrjun vetrar til að gefa þeim innsýn í hvað það snýst um. Þannig komum við í veg fyrir óöryggi meðal starfsmanna þegar kemur að þeirra myndatöku.

### Styrkleikar

Starfsfólk tók vel í verkefnið og varð öruggara með sjálfan sig í vinnu sem skilaði sér vel í öryggi barnanna.

Við buðum upp á fleiri svæði eins og t.d. föt þar sem börnin gátu klætt sig að vild. Einnig aðgang að hreyfisvæðum þar sem börnin gátu fengið útrás fyrir hreyfigetu sína. Þetta skilaði sér í sjálfstæðari og öruggari börnum.

### Skráningar – auka foreldrasamstarf

Vikuleg fréttabréf þar sem farið er yfir starfið í máli og myndum er sent til foreldra . Fréttabréfin eru unnin í SWAY þar sem auðvelt er að setja inn myndir, texta og upplýsingar til foreldra. Ferilmöppur eru til sýnis á „opnu húsi“ og haldið verður áfram með þetta skipulag þar sem foreldrar eru flestir mjög ánægðir með þetta skipulag.

### Styrkleikar

Með vikulegu fréttabréfi fá foreldrar tækifæri til að nýta sér myndir úr starfinu til málörvunar heima. Foreldrar fylgjast betur með starfinu og verða virkari í samskiptum.

Rauðadeild 3-6 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Lubbi finnur málbein
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Halda áfram með Lubbavísurnar vera með hverja vísu tvær vikur í senn
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Í samveru um hádegi
Ábyrgð	Deildastjóri Allir starfsmenn taka þátt





<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Haust 2024-2025
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Nota Lubba bókina lesa söguna fyrir hvern staf skapa umræður um orðin sem koma fyrir í sögunni
<b>Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði</b>	Efla málþroska og orðaforða. Sjálfsefling

Rauðadeild 3-6 ára	
<b>Umbótaþáttur/matsþáttur</b>	Sjálfhjálp barna í matartímum
<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	Kennarar geri sér grein fyrir mikilvægi sjálfseflingu barna í matartímum
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Halda áfram með hlaðborð fyrir börnin og festa í sessi að börnin skammti sér sjálf á diskana
<b>Ábyrgð</b>	Deildastjóri Allir starfsmenn taka þátt
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Haust 2024-2025
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Endurmetið á deildarfundum/starfsdögum þá fá kennarar tækifæri til að koma með dæmi um hvernig gengur,





<b>Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði</b>	Allir kennarar horfi á matmálstíma sem lið í að efla sjálfshjálpi barnanna
--	--

Rauðadeild 3-6 ára	
<b>Umbótaþáttur/matsþáttur</b>	Hlutverk kennarans í leikumhverfi barnanna
<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	Að kennarar líti á frjálsa leikin sem námsleið og mikilvægi þess að vera styðjandi í samskiptum í leik barna
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Vera með myndbandsupptök af samskiptum starfsfólks og barna í frjálsum leik
<b>Ábyrgð</b>	Deildastjóri Allir starfsmenn taka þátt
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Haust 2024-2025
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Deildarfundir notaðir til að skoða myndböndin og greina og þau skapa umræður um það sem er að gerast í myndskreiðunum
<b>Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði</b>	Allir kennarar á deildinni séu meðvitaðir um að hver stund er námstækifæri fyrir barnið

Rauðadeild 3-6 ára	
<b>Umbótaþáttur/matsþáttur</b>	Barn vikunnar
<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	Að börnin fái notið sín sem einstaklingar í leikskólanum og til að efla sjálfsmýnd þeirra





<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Blíð og samskiptabókin. Bók að heiman einn dag í vikunni ef það gleymist þá velur barnið bók á bókasafni skólans. Gera eina skráningu með hverju barni vikunnar
<b>Ábyrgð</b>	Deildastjóri Allir starfsmenn taka þátt
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Haust 2024-2025
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Rætt á deildarfundum hvernig gengur
<b>Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði</b>	Börnin fá tækifæri til að vera í brennidepli og kynna sín áhugamál og heimamenningu

## Innra mat Bláudeildar

Ekki náðist að gera innra mat á Bláudeild.





## 5 Innra mat sérkennslu

### Mat á sérkennslu 2023-2024

<p><b>Skipulagning sérkennslu 2023-2024</b> Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Sérkennslan var fléttuð inn í almennt starf á deildum. Stuðningsfulltrúar ásamt sérkennslustjóra skipulögðu verkefni eftir einstaklingsnámskrá og notuðust við náttúrulega kennslu með barninu inn á deild. Einnig var unnið eftir atferlismótun og skipulagða kennslu í vinnustundum. Í einstaklingskennslu var skráningarblað þar sem framfarir voru skráðar eftir hvert verkefni</p>
<p><b>Hvaða matsgögn voru notuð?</b> Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>AEPS var notað bæði til að meta þroska og til endurmats. Elsti árgangur fór í HLJÓM-2 að hausti og vori. Öll börn á fjórða ári tóku EFI-2. Stefnan er tekin á að leggja TRAS fyrir öll börn í leikskólanum, ákveðið var að byrja rólega og að vori fengu deildarstjórar barna sem fædd eru 2021 TRAS eyðublöð. Ekki náðist að gera TRAS inn á Bláudeild þar sem það var einginn deildarstjóri.</p>
<p><b>Hvaða námsefni var notað?</b> Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Núna í vor var keypt Málörvunörvunarstundir – lengi býr að fyrstu gerð og kynnt fyrir starfsfólki. Tekið til í sérkennsluherberginu og sortrað hvað við viljum hafa, annað losuðum við okkur við. Unnið var með það efni sem til var einnig var prentað út efni af Fjölbreyttar kennsluaðferðir</p>

Sérkennsla	
<b>Umbótaþáttur/matsþáttur</b>	Teymisvinna
<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	Að unnið verði í teymi og að einn sé með yfirumsjón með vinnustundum





<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Finna einn til að sjá um vinnustundir með öllum sérkennslubörnunum á meðan annar stuðningur vinni með börnum inn á deildinni
<b>Ábyrgð</b>	Sérkennslustjóri
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Haust 2024-2025
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Metið á sérkennslufundum
<b>Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði</b>	Að öll börn sem þurfa fái sértæka þjálfun. Hvort sem er inn á deildum eða í vinnustund

## 6 Innra mat – fjöltyngd börn

### Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2023-2024

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagnið var nýtt í aukin mannafla til að sinna þessu verkefni. Farið var regluleg í málörvun með litlum hópum með 3-6 ára börnum
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Unnið var með Gefðu 10 inn á öllum deildum. Einnig var starfsfólk meðvitað um íslenska málörvun inn á deildum
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Starfsmenn eru meðvitaðir um að setja orð og hluti og athafnir og endurtaka í sífellu. Lestur bókar og loðsögutöflu nýttar í litlum hópum.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Efi2 var tekið var lagt fyrir öll þriggja ára börn og unnið út frá niðurstöðum þeirra. Nú er einnig verið að taka í notkun TRAS.





Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Mest er hugað að orðaforða, skilningi og tjáningu. En einnig er myndmál notað til að styrkja tjáningu tilfinninga og stuðningur er veittur í frjálsa leiknum hvað varðar félagsleg samskipti. Farið er í rímleiki, klappað í atkvæði, farið með þulur og sungið.
--	--

Fjölyngi	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Íslenski hæfniramar
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Nýta Íslenska hæfniraman fyrir öll erlend börn í leikskólanum
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Í byrjun haust verði gerður hæfnirammi fyrir hvert og eitt barn. Síðan endur skoðað á 3-4 mánaðar fresti
Ábyrgð	Tengiliður fjölmenningar og deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2024-2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Farið yfir á deildafundum með tengiliði fjölmenningar
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að öll börn af erlendum-upprunnar verði komin með hæfniramma og að unnið sé út frá þeim.

Fjölyngi	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Málörvun





<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	Unnið með gefðu 10 inn á öllum deildum
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Að hver og einn starfsmaður sé meðvitaður um að gefa 10 inn á deildinn og þá sérstaklega þeim börnum sem þurfa á frekari málörvun. Vera af og til með skráningu á gefðu 10
<b>Ábyrgð</b>	Allir starfsmenn
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Haust 2024-2025
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Deildarfundir
<b>Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði</b>	Að öll börn fá 10 mín með kennara til að spjalla og aukna málörvun á hverjum degi.







## 7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Ekki náðust starfsþróunarsamtöl að þessu sinni þar sem að nýr leikskólastjóri tók við 1. Apríl um það leyti sem að viðtölin eru tekin.

## 8 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Fulltrúar leikskólanna og grunnskólans hittast og setja niður dagskrá fyrir samstarf vetrarins. Þessi undirbúningur fer fram á haustin.

Undirbúningsfundur í Selásskóla.

Nemendur grunnskóla heimsækja gamla leikskólann sinn

16. nóv. Nemendur í 5.bekk lesa fyrir leikskólabörnin

Elstu nemendur heimsækja skólabókasafnið

Elstu nemendur heimsækja 1.bekk

12. maí. Skilafundur

Heimahagar sem er samstarfsverkefni, Selásskóla, Heiðarborgar, Rauðuborgar og Blásala þá hittast elstu börn leikskólans og yngstu börnin í Selásskóla reglulega yfir veturinn á svæði nærri Selásskóla og hesthúsunum sem hafa fengið nafnið Heimahagar. Þar leika þau, gera útiverkefni og fara í skipulagða leiki og umfram allt eignast góðar minningar saman. Í vetur voru þessir skólar í þróunarverkefni um samstarf við Fák sem heitir Heimahagar og íslenski hesturinn og þá fengu þau fræðslu um íslenska hestinn fóru á sýningu og fengu að fara á hestbak.

## 9 Foreldrasamvinna

Vel mætt hefur verið á alla viðburði sem leikskólinn hefur staðið fyrir.

Allir foreldrar verða boðaðir í viðtal við deildarstjóra áður en börnin hefja aðlögun.

Foreldrakaffi .september.

Foreldrafundur í október





Foreldraviðtöl verða í október í vikunni 16-20. október.

Ömmu og afa kaffi á degi íslenskrar tungu 16.nóvember.

Foreldrakaffi 1.desember, foreldrar og börn skreyta krukkur fyrir sólstöðu ljós.

Snillingajól foreldrar elstu barna boðið í jólastund með börnum sínum og kennarar.

Foreldrar og börn kveikja á kerti 21.des. á sólstöðu.

Opið hús í maí- foreldrum og fjölskyldu boðið á verkstæði með endurvinnanlegan efnivið.

Útskrift elstu barna foreldrum boðið í útskrift og pálínuboð.

Sólstöðuhlaup -foreldrar, börn og starfsfólk, hlaupa hringinn í kringum leikskólann, allir mega mæta í furðufötum.

Sway fréttbréf send til foreldra með vikulegum fréttum og myndum af starfinu

Foreldraráð er við skólann og skipar þrjá fulltrúa og hefur það hlutverk með höndum að gefa skriflegar umsagnir um starfsáætlun, skólanámsskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Foreldraráð fylgist með framkvæmd skólanámskrár og er boðað á fund í leikskólann í kringum áramót þar sem leikskólastjóri fer yfir gang mála varðandi framgang ýmissa verkefna sem skólinn vinnur að.

Foreldrafélag er skipað 3 foreldrum. Foreldrar greiða ákveðin gjöld í foreldrafélag og er það valfrjálsgreiðsla og skólinn kaupir inn leikrit, fær jólasvein á jólaskemmtanir og listafólk á sumarhátíð. Áfram verður óskað eftir foreldrum í foreldrafélag.

Móttaka og samskipti við erlenda foreldra er með aðstoð túlks og undirbúningsfundir og upplýsingafundir eru túlkaðir. Foreldrar allra barna fá upplýsingapakka frá leikskólanum og er hann einnig til á pólsku hjá okkur. Einnig fá foreldrar upplýsingar á sínu tungumáli frá Reykjavíkurborg sem heitir „Velkomin til samstarfs um leikskólabarnið“.

## 10 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar á skólaárinu eru 6 og eru 3 af þeim sameiginlegir grunn- og leikskólanna í hverfinu. Sameiginlegar daga skólaárið 2024-2025 eru 25.september 2024, 22.nóvember 2024 og 6.febrúar 2025

Starfsdagar leikskólans verða 21.nóvember 2024 og 28.mars 2025 og 16.maí 2025





## 11 Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs

Fylgiskjal 2 - Leikskóladagatal Blásala 2024-2025

11. október 2024

Elín Guðjónsdóttir aðstoðarleikskólastjóri

Hólmfríður Hannesdóttir leikskólastjóri





# Leikskóladagatal 2024 - 2025

Nafn skóla:

Blásalir

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁI	JÚNÍ
1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 L	1 L	1 Þ	1 F	1 S
				Fullveldisdagurinn	Nýársdagur				Verkalyösdagurinn	
2 F	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F	2 S	2 S	2 M	2 F	2 M
										Sjómanna dagurinn
3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 M	3 M	3 F	3 L	3 Þ
							Bolludagur			
4 S	4 M	4 F	4 M	4 M	4 L	4 Þ	4 Þ	4 F	4 S	4 M
							Sprengidagur			Útskriftarferð Snillinga
5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 M	5 L	5 M	5 F
Frídagur verslunarmanna				Jólaeikrit			Öskudagur			
6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 F	6 M	6 L	6 F	6 S	6 Þ	6 F
			Uppákomudagur		Þrettándinn	Starfsdagur/Dagur leiks				Skólasit grunnskóla
7 M	7 L	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 F	7 M	7 M	7 L
					Dagur tónlistarskólans				Opið hús	
8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 L	8 L	8 Þ	8 F	8 S
	Dagur læsis		Baráttudagur gegn einelti						Hvítasunnudagur	
9 F	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 S	9 M	9 F	9 M
				Snillingajól						Annar í hvítasunnu
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 M	10 M	10 F	10 L	10 Þ
11 S	11 M	11 F	11 M	11 M	11 L	11 Þ	11 Þ	11 F	11 S	11 M
				Jólaball		Dagur íslenska táknmálsins				Sumarhátíð
12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 M	12 L	12 M	12 F
13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 F	13 M	13 F	13 F	13 S	13 Þ	13 F
								Pálmasunnudagur		
14 M	14 L	14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 F	14 M	14 M	14 L
		Ömmu og afakaffi				Dagur stærðfræðinnar		Skráningardagur í leikskóla		
15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 L	15 L	15 Þ	15 F	15 S
				Uppákomudagur				Skráningardagur í leikskóla		
16 F	16 M	16 M	16 L	16 M	16 F	16 S	16 S	16 M	16 F	16 M
	Dagur íslenskrar náttúru		Dagur íslenskrar tungu					Skráningardagur í leikskóla	Starfsdagur	
17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 M	17 M	17 F	17 L	17 Þ
								Skírdagur		Lýðveldisdagurinn
18 S	18 M	18 F	18 M	18 M	18 L	18 Þ	18 Þ	18 F	18 S	18 M
								Föstudagurinn langi		
19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 M	19 L	19 M	19 F
					Vetrarsólstoður Luktr		Uppákomudagur			
20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 F	20 M	20 F	20 F	20 S	20 Þ	20 F
			Dagur mannréttinda barna					Páskadagur		
21 M	21 L	21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 F	21 M	21 M	21 L
		Foreldrafundur	Starfsdagur					Annar í Páskum	Sólstoðuhlaup	
22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 L	22 L	22 Þ	22 F	22 S
	Skólasetning grunnskóla		Starfsdagur							
23 F	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F	23 S	23 S	23 M	23 F	23 M
		Bleikur dagur/Bangsadagur		Þorlaxsmessa			Konudagur - upphaf Góu		Umhverfisdagur	
24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 M	24 M	24 F	24 L	24 Þ
		Skráningardagur í leikskóla		Aðfangadagur jóla	Böndadagur - fyrsti dagur þorra	Skráningardagur í leikskóla			Sumardagurinn fyrsti	
25 S	25 M	25 F	25 M	25 M	25 L	25 Þ	25 Þ	25 F	25 S	25 M
		Skráningardagur í leikskóla		Jóladagur						
26 M	26 F	26 L	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 M	26 L	26 M	26 F
	Evrópski tungumáladagurinn	Fyrsti vetrardagur		Annar í jólum						Fæðingardagur forseta Íslands (GThJ)
27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 F	27 M	27 F	27 F	27 S	27 Þ	27 F
	Starfsdagur			Skráningardagur í leikskóla					Útskrift snillinga	
28 M	28 L	28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 F	28 M	28 M	28 L
		Skráningardagur í leikskóla	Foreldrakaffi				Starfsdagur			
29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 S	29 M			29 L	29 Þ	29 S
									Uppstigningardagur	
30 F	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F	30 S	30 S	30 M	30 F	30 M
				Skráningardagur í leikskóla						
31 L		31 F		31 Þ	31 F		31 M		31 L	
				Gamlársdagur						

## Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagur starfsfólks eða frídagur nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta v dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákve samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfelt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.



Reykjavík 11. október.2024

Efni:

Starfsáætlun Blásala 2024-2025 var lesin yfir af Bjarka Tómassyni fulltrúa foreldra í leikskólaráði Blásala. Engar athugasemdir komu fram.

Hólmfríður Hannesdóttir

Leikskólastjóri Blásala